



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 50/2020

Upplýsingar um verð og þjónustuveitanda á vefsíðu Ég C gleraugnaverslunar

I.

Málsmeðferð

1.

Í ágústmánuði 2020 gerði Neytendastofa könnun á sölustað og vefsíðum gleraugnaverslana. Snéri könnunin að því að skoða hvort verðmerkingar á vörum og þjónustuliðum væru í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og hvort veittar væru fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitanda, sbr. ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, á vefsíðu.

Í bréfi Neytendastofu til Gleraugnakompanísins ehf., rekstraraðila Ég C gleraugnaverslunar, dags. 13. ágúst 2020, var gerð grein fyrir því að könnun Neytendastofu á verðmerkingum í verslun Ég C gleraugnaverslunar hafi leitt í ljós að verðmerkingar væru ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011, um verðupplýsingar og einingaverð við sölu á vörum. Þá voru gerðar athugasemdir við að skoðun á vefsíðu Ég C gleraugnaverslunar, www.egc.is, sýndi að á vefsíðunni vantaði verðmerkingar á þjónustu hjá félaginu, sbr. f. liður 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005, sem og upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skráningu, sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, og þeim fyrirmælum beint til Gleraugnakompanísins að koma upplýsingum á vefsíðunni í viðunandi horf. Að öðrum kosti mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst stofnuninni.

2.

Með bréfi stofnunarinnar, dags. 14. september 2020, var Gleraugnakompaníinu tjáð að dagana 3. og 4. september hafi stofnunin framkvæmt frekari kannanir á ástandi verðmerkinga á sölustað gleraugnaverslana. Hafi seinni könnunin leitt í ljós að verðmerkingar í verslun Gleraugnakompanísins væru í lagi. Í sama bréfi kom fram að við skoðun stofnunarinnar á vefsíðunni www.egc.is hafi komið í ljós að á vefsíðuna skorti enn verðmerkingar á þjónustu sem og upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skrá. Því yrði ekki séð að félagið hafi farið að fyrri fyrirmælum Neytendastofu.



Að nýju var þeim fyrirmælum beint til verslunarinnar að koma upplýsingum á vefsíðunni í viðunandi horf að viðlögðum sektum.

Ekkert svar barst.

Skoðun Neytendastofu á vefsíðunni, þann 28. október 2020, leiddi í ljós að viðeigandi umbætur höfðu ekki verið gerðar.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert kröfu um að Gleraugnakompaníð ehf. geri viðunandi lagfæringar á vefsíðunni www.egc.is. Á vefsíðunni er ekki að finna verðmerkingar á þjónustu né fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitanda, þar sem upplýsingar skortir um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skrá, sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Jafnframt auglýsir félagið sjónmælingar á vefsíðu sinni án þess til tilgreina endanlegt verð á slíkri þjónustu, sbr. f. liður 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005.

Engin svör hafa borist frá félaginu vegna málsins og engar lagfæringar hafa verið gerðar á vefsíðunni.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 segir um skyldu til að birta verð á auglýstri vöru eða þjónustu:

„Ef fyrirtæki hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skal það, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um:

[...]

f. endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.“

Tekur ákvæðið til markaðssetningar í víðum skilningi og á við um markaðssetningu vöru eða þjónustu á vefsíðum. Samkvæmt reglunni ber því fyrirtæki að veita upplýsingar um endanlegt verð fyrir helstu þjónustuliði sem fyrirtækið markaðssetur.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

„1. nafni,

2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,



3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“

2.

Gleraunakompaníið hefur brotið gegn ákvæðum 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 með því að birta ekki upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skrá á vefsíðunni www.egc.is. Hefur félagið jafnframt brotið gegn ákvæði f. liðar 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 með því að birta ekki endanlegt verð á þeim þjónustuliðum sem auglýstir eru á vefsíðu fyrirtækisins.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005 um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Gleraunakompanísins að koma upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðu sinni, www.egc.is, í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði það ekki gert skal Gleraunakompaníið greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektorfjárhæðin er ákveðin með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Gleraunakompaníið ehf., Hamraborg 10, 200 Kópavogi, hefur með því að veita ekki upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skrá á vefsíðunni www.egc.is brotið gegn ákvæðum 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Gleraunakompaníið ehf. hefur með því að birta ekki upplýsingar um endanlegt verð á þeim þjónustuliðum sem auglýstir eru á vefsíðunni www.egc.is brotið gegn ákvæði f. liðar 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Gleraunakompaníið ehf. skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni www.egc.is. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma



skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 28. október 2020.

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir